

Reikningsskilaráð ríkisins

4. Fundur – 4. janúar 2017 kl. 09:00

FUNDARGERÐ

Fundinn sátu:

- Reikningsskilaráð: Gunnar H. Hall, Ingþór Karl Eiríksson, Ólafur Hjálmarsson, Anna Birgitta Geirfinnsdóttir og Margrét Björk Svavarsdóttir.
- Fulltrúar ríkisendurskoðanda: Sveinn Arason.
- Fundarritari: Kristinn Hjörtur Jónasson.

1. Fundargerð síðasta fundar. Fundargerð 3. fundar var samþykkt.

2. Stofnefnahagsreikningar. Við gildistöku breyttra reikningsskila í ársbyrjun 2017 þarf að setja upp stofnefnahagsreikning fyrir alla A-hluta aðila og ríkissjóð í heild sinni. Lögð voru fram fyrstu drög að stofnefnahagsreikningi fyrir A-hluta aðila og þau rædd. Helstu málín snúa að framsetningu varanlegra rekstrarfjármuna, orlofsskuldbindinga og sundurliðun eigin fjár. Reikningsskilaráð á eftir að fjalla frekar um þessi mál á næstu fundum sínum.

3. Yfirferð á stöðlum. Gert er ráð fyrir að þessi dagskrárliður verði fastur hjá reikningsskilaráðinu amk á meðan innleiðing LOF stendur yfir. Sett verður upp yfirlit yfir einstaka staðla IPSAS þar sem kemur fram hvort hann eigi við hjá okkur og sé svo, hvort hann hafi verið innleiddur (já, nei eða að hluta), hvenær (nú eða síðar) og samsvörun staðalsins við IFRS-staðal.

4. Samanburðartölur í ríkisreikningi 2017. Lagt var fram minnisblað frá Fjársýslunni til reikningsskilaráðs með rökstuðningi fyrir því að í ríkisreikningi 2017 verði ekki birtar samanburðartölur við árið 2016. IPSAS 33 mælir með að fyrsti ársreikningurinn innihaldi einnig samanburðartölur við fyrra ár en gerir þó ekki kröfu til þess. Fram kemur í minnisblaðinu að umbreyting reikningsskilanna geri miklar kröfur bæði til framkvæmdar verkefnisins og endurskoðunar. Mikilvægt sé að forgangsraða verkefnum vel og einfalda ferla eins og kostur er. Lagt verði upp með að þess í stað verði unnt að setja fram samanburðartölur í yfirlitum utan reikningsins, þ.e. tölur þar sem beitt er einfaldari aðferðum til að nálgast niðurstöður án þess að uppfylla kröfur endurskoðaðs reiknings.

Úrskurður: Reikningsskilaráð samþykkti tillögu Fjársýslunnar um að í ríkisreikningi 2017 yrðu ekki birtar samanburðartölur fyrir árið 2016.

5. Önnur mál.

- Unnið er að taka saman gögn þar sem óskað verður eftir lágmarksbreytingum á ársreikningalögum í samræmi við samþykkt reikningsskilaráðs á fundi 2.
- Rætt um framsetningu fundargagna og fundargerða hjá reikningsskilaráði. Ákveðið var að í gögnum til ákvarðanatöku þyrfti að koma skýrt fram hver leggur þau fram, dagsetning og undir hvaða dagskrárlið. Slík gögn þurfa að vera aðgengileg á vef ráðsins.
- Á næsta fundi verður m.a. tekið fyrir hvernig framsetning fjárlagafrumvarps og fjárlaga 2017 falla að ákvæðum LOF þar að lútandi.

Fundi slitið kl. 10:30

Næsti fundur 1. febrúar kl. 09:00